

Sveitarstjóri
Hörgársveit
Þelamerkuskóli
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16. desember 2015
UST201511-014/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi athafna- og iðnaðarsvæðis að Dysnesi í Hörgársveit.

Vísað er til erindis Hörgársveitar er barst 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi athafna- og iðnaðarsvæðis á Dysnesi í Hörgársveit.

Skipulagssvæðið.

Dysnes er á Galmaströnd í Hörgársveit, miðja vegu milli Hörgárósa og Hjalteyrar við vesturströnd Eyjafjarðar. Skipulagssvæðið er gróíð og að mestum hluta þýft mólendi. Ræktuð tún eru á suðaustur hluta þess, að öðru leyti hefur svæðinu ekki verið raskað af framkvæmdum. Aðkoma að svæðinu er frá Bakkavegi og liggur safngata fyrir miðju svæði niður að hafnarbakka. Gert er ráð fyrir um 16,5 ha landfyllingu með viðlegukanti fyrir stór skip sem er tilkynningaskyld framkvæmd, og athafnasvæði með fjölbreyttum og sveigjanlegum nýtingarmöguleikum.

Náttúruminjasvæði.

Eins og fram kemur í greinargerð er svæði sem er nr. 506 n á náttúruminjaskrá í grennd við deiliskipulagssvæðið. Umhverfisstofnun bendir einnig á að miðja vegu milli Hjalteyrar og Bakkeyrar sem eru fyrir norðan Dysnes eru friðlýstar náttúruminjar í sjó, hverastrýtur, sem allir safarendur á svæðinu þurfa að taka tillit til.

Efnistökusvæði

Umhverfisstofnun bendir á að ef nýta á efni úr nánum í Hörgársveit er mikilvægt að námavinnslan hafi ekki neikvæð sjónræn áhrif.

Iðnaðarsvæði og athafnasvæði

Í ofangreindu deiliskipulagi sem er afar greinargott, er gert ráð fyrir uppbyggingu athafna- og iðnaðarsvæðis auch hafnar og hafnsækinnar starfsemi. Þar sem iðnaðar- og athafnasvæði eru nefnd í sömu andránni í yfirskrift ofangreinds deiliskipulags bendir Umhverfisstofnun á að munur er gerður á þeirri starfsemi sem áætluð er á svæðunum sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Iðnaðarsvæði er svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér.

Athafnasvæði er svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Í áherslum sveitarstjórnar kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir stóriðju eða öðrum mengandi iðnaði á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu.

Í umfjöllun um iðnaðarlöðir kemur fram að þær séu einkum ætlaðar undir iðnfyrirtæki og /eða verksmiðjur sem ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að iðnaður getur verið mengandi þó hann hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að skv. leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar geta áhrif starfsemi verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum þótt þau séu ekki flokkuð sem verulega neikvæð. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem Hörgárósar sem er svæði á náttúruminjaskrá er í nágrenni ofangreinds hafnarsvæðis, væri eftirsóknarvert að skilgreina iðnaðarsvæðið þrengra og með takmarkaðri umhverfisáhrif en gert er í ofangreindri deiliskipulagstillögu. Umhverfisstofnun bendir á að slíkt væri meir í samræmi við áherslur sveitarstjórnar.

Gæðakröfur

Umhverfisstofnun tekur undir það að lögð er áhersla á gæði mannvirkja.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögu að deiliskipulagi fyrir hafnar-, athafna- og iðnðaðarsvæði á Dysnesi í Hörgársveit. Ofangreind deiliskipulagstillaga gefur greinargóðar upplýsingar um áætlað hafnar og iðnaðarsvæði og áhrif áætlaðra framkvæmda. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar er hafnarstarfsemi á fjölda staða við Eyjafjörð. Svæðið við Dysnes er að mestu óraskað svæði hvað framkvæmdir varðar. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að skoða heildarhafnarframkvæmdir við Eyjafjörð og umhverfisáhrif þeirra, og hvort eftirsóknarvert væri að nýta þær hafnir sem fyrir eru, í stað þess að byggja upp nýtt hafnarsvæði við Eyjafjörð með miklum umhverfisáhrifum.

Virðingarfullst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. B. Guttormsdóttir
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri